

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis  
Alþingishúsinu við Austurvöll,  
101 Reykjavík.

Reykjavík, 5. desember 2018.


**Efni: Umsögn Íslandspósts ohf. um frumvarp til laga um pósthjónustu.**

Íslandspóstur sendir hér með meðfylgjandi athugasemdir við frumvarp til laga um pósthjónustu, sbr. þingskjal 293 – 270. mál, lagt fram á 149. löggjafarþingi.

Íslandspóstur hefur þrívægis áður gert athugasemdir við frumvarpsdrög um pósthjónustu, fyrst með bréfi dags. 8. febrúar 2016, þá með bréfi dags. 14. ágúst 2017 og síðast með bréfi dags. 4. júlí 2018. Hér með fylgja athugasemdir Íslandspósts við fyrirbyggjandi frumvarp, en jafnframt telur félagið rétt að benda á að fyrri athugasemdir eiga enn við í mörgum atriðum. Þess er vænst að þær verði hafðar til hliðsjónar þeim athugasemdum, sem fylgja með bréfi þessu.

Virðingarfyllst,

Fh. Íslandspósts ohf.



Ingimundur Sigurpálsson,  
forstjóri

**Frumvarp til laga um pósthjónustu**  
**Þingskjal 293 - 270. mál, lagt fram á 149. löggj. þingi**

**I. Almennar athugasemdir**

Af hálfu Íslandspósts ohf. er litið svo á að mörg atriði sem kveðið er á um í frumvarpinu séu mikilvæg fyrir framtíð pósthjónustu á Íslandi. Í því sambandi er fyrst og fremst vísað til þess að gert er ráð fyrir að einkaréttur ríkisins á tiltekinni pósthjónustu verði afnuminn. Er það og í samræmi við ítrekaða afstöðu stjórnar Íslandspósts ohf. þar á lútandi. Eitt meginmarkmið frumvarpsins er þannig að stuðla að opnun póstmargaðar á Íslandi. Afnám einkaréttar er til samræmis við tilskipun Evópusambandsins 2008/6/EC um breytingu á tilskipun 97/67/EC, en fyrrnefndri tilskipun var ætlað að opna fyrir samkeppni og draga úr regluverki á sviði pósthjónustu („de-regulation“). Í frumvarpinu er samhliða kveðið á um alþjónustuskyldur ríkisins á sviði grunnpósthjónustu („universal service“), sem ætlað er að tryggja lágmarkshjónustu að því er varðar tiltekna póstsendingar, til samræmis við kröfur sem gerðar eru í nefndri tilskipun Evrópusambandsins.

Framangreindum markmiðum frumvarpsins ber að fagna. Á hinn bóginn er ljóst að nefndar breytingar á fyrirkomulagi pósthjónustu munu fyrirsjáanlega hafa í för með sér ákveðin *vandamál*, sem ekki verður séð að tekið sé nægilega mið af í frumvarpinu. Í því sambandi ber annars vegar að líta til þess að óljóst er hvernig staðið verður að fjármögnun og greiðslum vegna alþjónustubyrði í bráð og lengd og hins vegar virðist og vera sem að gert sé ráð fyrir því, þó svo að talað sé um „opnun markaða“, að opinbert eftirlit og afskipti af pósthjónustu sé *jafnvel aukið* frá því sem nú er. Er það ekki samrýmanlegt meginmarkmiðinu um opnun markaðar og aukna samkeppni á þessu sviði.

Óumdeilt er að einkaréttur á pósthjónustu hefur í gegnum tíðina fyrst og fremst þjónað þeim tilgangi að *tryggja fjármögnun* á kostnaðarbyrði sem leitt hefur af veitingu alþjónustu um allt land, en af hálfu Íslandspósts ohf. hefur ítrekað verið sýnt fram á að hagnaður af einkaréttarpósthjónustu, sérstaklega eftir að draga fór úr fjölda póstsendinga, hefur ekki nema að hluta til staðið undir þeirri byrði, og hún því verið ófjármögnuð nema með því að gengið hefur verið á eigið fé Íslandspósts ohf. Ljóst er að afnám einkaréttar mun *fyrirsjáanlega* leiða til þess að ófjármögnuð byrði vegna alþjónustu eykst enn frekar frá því sem nú er. Er því óhjákvæmilegt að tekið sé með *beinum hætti* á þessum atriðum í frumvarpinu. Alþjónustuveitandi, hvort sem það yrði Íslandspóstur ohf., eða annar aðili, mun ljóslega á engan hátt geta staðið undir fjármögnun alþjónustubyrðar nema að hún sé *að fullu fjármögnuð* af ríkinu samhliða veitingu þjónustunnar.

Þá er og ljóst að hið víðtæka eftirlit sem Póst- og fjarskiptastofnun er ætlað að hafa gagnvart alþjónustuveitanda getur leitt til verulega skertrar samkeppnisstöðu slíks aðila og raunar gert stöðu hans á „samkeppnismarkaði“ afar erfiða. Má jafnvel ætla að nefnt fyrirkomulag muni geta stuðlað að óheftri „rjómafleytingu“ af hálfu þeirra aðila sem hasla munu sér völl á sviði afmarkaðra þátta pósthjónustu, en munu ekki sækjast eftir að veita „alþjónustu“ með þeim kvöðum og skilyrðum sem því fylgja.

Íslandspóstur ohf.

Umsögn um frumvarp til laga um pósthjónustu

Þá verður og að benda á að mörk milli pósthjónustu annars vegar, sbr. nefnt frumvarp, og landflutninga á grundvelli laga nr. 40/2010 hins vegar eru óljós og er óhjákvæmilegt að taka lagaskil þar að lútandi samhliða til skoðunar. Er t.d. augljóst að unnt er að annast talsverðan hluta þjónustu sem fellur undir frumvarpsdrögin í gervi landflutninga. Af því leiðir að kvaðir, eftirlit, rekstrargjöld til ríkissjóðs o.fl., sem gilda á sviði pósthjónustu, munu ekki taka til sambærilegrar þjónustu sem veitt er á grundvelli laga nr. 40/2010 um landflutninga. Fær þetta traúla staðist og raunar alls ekki.

Með vísan til framangreinds, svo og til sjónarmiða sem vikið verður að hér á eftir, leyfir Íslandspóstur ohf. sér að gera eftirfarandi athugasemdir við einstök ákvæði frumvarpsins. Í kafla II. er fjallað um *megin* athugasemdir Íslandspósts ohf., að því er framangreind atriði varðar, en í kafla III. er fjallað um önnur atriði sem telja má að huga þurfi að nánar og betur megi fara.

## II. Megináherslur varðandi breytingar á einstökum ákvæðum frumvarpsins

### a) Óljós mörk milli laga landflutningalaga og laga um pósthjónustu

#### Um 2. gr.

Samkvæmt lögum um landflutninga nr. 40/2010, landflutningalög, sbr. hér að framan, fjalla þau lög skv. 1. gr. þeirra um „allan vöruflutning með ökutæki á landi ... enda annist flytjandi flutning“. Skv. 2. gr. laganna telst flytjandi sá sem með samningi tekur að sér vöruflutning með ökutæki fyrir annan, og undir vöruflutninga falla „allir vöruflutningar á Íslandi með ökutækjum...“. Þó lögini taki ekki samkvæmt 5. gr. til „póstflutninga sem falla undir lög um pósthjónustu“ er ljóst að það virðist vera valkvætt fyrir þjónustuveitandann hvort hann skilgreinir þjónustu sína sem „pósthjónustu“ eða landflutningaþjónustu, enda er andlag þjónustunnar að talsverðu leyti hið sama, þ.e. t.d. pakkar, sbr. m.a. ákvörðun Samkeppnisráðs nr. 12/2000 og ákvörðun nr. 27/2002. Er það í raun svo í dag að landflutningafyrirtæki hér á landi hafa, á grundvelli laga nr. 40/2010, annast slíka flutninga í samkeppni við Íslandspóst ohf. sem póstrekkanda, en án nokkurra kvaða sem leiða af lögum um pósthjónustu. Er ljóst að á þessu þarf að taka skýrt í lögnum, sérstaklega eftir „opnun póstmarkaðarins“. Er því lagt til að sérstaklega sé kveðið á um að landflutningar á sendingum sem falla undir pósthjónustu skulu lúta lögum um pósthjónustu.

Við bætist 3. mgr., sem hljóði svo:

*„Lög þessi taka og til vöruflutninga samkvæmt lögum nr. 40/2010 um landflutninga þegar um er að ræða flutning á vörum sem skilgreindar eru sem póstsendingar samkvæmt lögum þessum“.*

### b) Um val á alþjónustuveitanda

#### Um 11. gr.

Í 1. mgr. 11. gr. er fjallað um val á alþjónustuveitanda. Af hálfu Íslandspósts ohf. er litið svo á að *fyrirsjáanlegt sé*, miðað við markaðs- og landfræðilegar aðstæður hér á landi, að hluti af þeirri alþjónustu sem miðað er við að veitt sé, á jafnræðisgrundvelli, muni óhjákvæmilega leiða til verulegrar fjárhagslegrar byrði, sem íslenska ríkið þurfi að taka mið af þegar samið er við alþjónustuveitanda (eða hann útnefndur). Á hinn bóginn er og ljóst að gera má ráð fyrir að þjónusta sem samsvarar alþjónustu geti komist á laggirnar á markaðsforsendum á tilteknum markaðssvæðum (þéttbýli), a.m.k. að því er varðar ákveðnar tegundir sendinga.

Í samræmi við framangreint má telja eðlilegt að lokamálsgrein 11. gr. verði 1. mgr. ákvæðisins, þ.e. að markaðskönnun fari fram *áður* en ráðist sé í úrlausn þess hvernig staðið verði að því að tryggja alþjónustu. Ef í ljós kemur að markaðsaðilar muni veita lágmarksþjónustu á ákveðnum svæðum væri æskilegast að ekki kæmi til frekari afskipta ríkisins heldur réðist veiting þjónustu þar af markaðslögmálum, m.a. m.t.t. almennra samkeppnissjónarmiða.

Að því marki sem markaðskönnun leiddi í ljós að alþjónustustigi verði *ekki* náð, t.d. á ákveðnum landsvæðum, komi til þess að ákveða hvernig fyrirkomulagi þar að lútandi yrði best farið. Gæti ráðherra þá ákveðið að gera samning við fyrirtæki með almenna heimild, eitt eða fleiri, til að

sinna slíkum skyldum. Mikilvægt er þá að við samningsgerð sé *strax* gert ráð fyrir að ríkið greiði kostnað við veitingu alþjónustu (byrði). Ef ekki er ákveðið að gera samning við tiltekna aðila, að undangengnu opnu, gagnsæju og hlutlægu ferli, sbr. 2. mgr., er eðlilegt að farin sé útboðsleið, sbr. niðurlag 1. mgr., en ætla má að um slíkt útboð fari samkvæmt ákvæðum laga nr. 120/2016 um opinber innkaup, og ekki þurfi að fjalla frekar um það í lögum um pósthjónustu. Að mati Íslandspósts ohf. er eðlilegt að líta svo á að einhliða útnefning alþjónustuveitanda, sbr. 3. ml. 1. mgr., yrði *þrautalending*, ef fyrri tvær aðferðirnar gengju ekki upp. Útnefning við þessar aðstæður er fyrirsjáanlega mjög íþyngjandi fyrir þann sem útnefndur yrði, og því eðlilegt að það fyrirkomulag kæmi *því aðeins til* að aðrar leiðir væru fullreyndar.

Með vísan til framangreinds er eftirfarandi tillaga sett fram um fyrirkomulag 11. gr.:

11. gr. hljóði svo:

*„Ráðherra getur látið framkvæma markaðskönnun þar sem metið er hvort nauðsynlegt sé að tryggja alþjónustu með úrræðum sem kveðið er á um í 2.-4. mgr.*

*Ráðherra ákveður hvort hann gerir samning við fyrirtæki með almenna heimild, eitt eða fleiri, til að sinna þeim skyldum sem kveðið er á um í 9. gr. Við samningsgerð getur ráðherra notið liðsinnis Póst- og fjarskiptastofnunar og m.a. leitað álits stofnunarinnar á kostnaði ríkisins við slíka samninga með tilliti til fjárhagslegrar byrði fyrir alþjónustuveitanda. Við val á þjónustuveitanda eða þjónustuveitendum skal viðhafa opið, gagnsætt og hlutlægt ferli þar sem gætt er jafnræðis. Samninga við alþjónustuveitanda eða veitendur má afmarka við tiltekna landshluta, póstnúmer og/eða tiltekna þætti pósthjónustu.*

*Jafnframt getur ráðherra ákveðið að bjóða alþjónustuveitingu út samkvæmt lögum um opinber innkaup.*

*Ef ekki er unnt að tryggja alþjónustu með samningsgerð skv. 2. mgr., eða útboði skv. 3. mgr. getur ráðherra ákveðið að útnefna fyrirtæki til að sinna þjónustunni“.*

### c) Um umsókn um fjárframlög vegna alþjónustubyrðar

#### Um 12. gr.

Í 12. gr. frumvarpsins er fjallað um „umsóknir útnefnds fyrirtækis um fjárframlög vegna alþjónustu“. Af ákvæðinu má ráða að gert sé ráð fyrir að póstreikandi sem sé útnefndur til að sinna skyldum ríkisins varðandi alþjónustu geti „sótt um til Póst- og fjarskiptastofnunar að honum verði með fjárframlögum tryggt sanngjarnt endurgjald fyrir þá starfsemi sem um ræðir“. Með öðrum orðum er ráðgert að til þess geti komið að aðili sé útnefndur samkvæmt 11. gr., til að annast þess vegna allar skyldur íslenska ríkisins á sviði alþjónustu, jafnvel á öllu landinu, og að viðkomandi *skuli bera þá kostnaðarbyrði sem af því hlýst*, en *geti sótt um fjárframlag til Póst- og fjarskiptastofnunar til að tryggja sér sanngjarnt endurgjald*. Þetta fyrirkomulag *gengur á engan hátt upp*, að áliti Íslandspósts ohf., og eru fyrir því allnokkrar ástæður. Raunar má segja, sé tillit tekið til allra aðstæðna, að umrætt fyrirkomulag geti *þegar í stað* stefnt allri alþjónustu hér á landi í óefni. Teldist það ábyrgðarhluti ef alþjónustu yrði þannig stefnt í voða.

Ljóst er að hlutfall alþjónustubyrði hér á landi, m.t.t. hinna dreifðu byggða og fámennis, er hátt miðað við heildartekjur af pósthjónustu. Má ráðgera að hlutfall ófjármagnaðrar byrði hér á

Íslandspóstur ohf.

Umsögn um frumvarp til laga um pósthjónustu

landi sé nú u.þ.b. 7-10% af rekstrartekjum Íslandspósts ohf. Er þá ekki tekið tillit til þess að við niðurfellingu einkaréttar muni byrðin aukast *enn frekar*. Það er ljóst að sá sem útnefndur er verður frá fyrsta degi slíkrar útnefningar fyrir *gríðarlegum kostnaði* sem mun þegar hafa veruleg áhrif á allar rekstrarforsendur. Sú ráðagerð frumvarpsins að útnefndur aðili, telji hann að alþjónusta valdi honum hreinum kostnaði, *geti sótt um fjárframlög* er því algjörlega óraunhæft fyrirkomulag. Af þeim ástæðum verður að telja óhjákvæmilegt að forsenda útnefningar skv. 11. gr., sbr. 12. gr., sé að útnefndum aðila sé *fyrirfram tryggð greiðsla* til að standa undir alþjónustubyrðinni. Er það og til samræmis við almenna viðskiptahætti. Purfa ákvæði 11. og 12. gr. að endurspegla þetta.

Í 3. mgr. 12. gr. er fjallað um ósanngjarna byrði í skilningi 1. mgr. Verður ekki séð að nefnd skilgreining standist ákvæði 72. gr. *stjórnarskrárinnar um vernd eignarréttar*. Í ákvæðinu er kveðið á um að byrði sé þá fyrst ósanngjörn í skilningi laganna, þ.e. teljist til „reiknaðs taps“, að tapið eða aðstæðurnar teljist hafa „veruleg áhrif á rekstrargetu fyrirtækisins og samkeppnismöguleika eða stofna efnahag þess í hættu“. M.ö.o. virðist ráðgert að útnefndur alþjónustuveitandi skuli ekki fá endurgjald vegna kostnaðar vegna byrðarinnar nema að rekstrargetu og efnahag viðkomandi sé stefnt í hættu. Er þetta ákvæði í raun fráleitt með öllu. Ríkið getur ekki lagt svo alvarlegar og íþyngjandi byrðar á félag eða annan aðila og *því aðeins* greitt fyrir það bætur, að viðkomandi sé kominn að mörkum rekstrarstöðvunar eða að verða gjaldþrota. Af orðanna hljóðan má þar að auki jafnframt ætla að sönnunarbyrðin sé lögð á hinn útnefnda aðila.

Þá er í 4. mgr. fjallað um svonefndan markaðsávinning, sem draga megi frá tapi alþjónustuveitanda við útreikning sanngjarns endurgjalds. Þó svo að nefnt fyrirbæri sé þekkt, m.a. frá sviði fjarskipta, er afar ólíklegt m.t.t. þess að pósthjónusta er *fallandi markaður*, að þetta eigi hér við. Þá er og óljóst hvað átt er við með orðunum „æviferilsáhrif, alnánd“, o.s.frv., og vandséð að þýðingu hafi að nota svo óljósar viðmiðanir.

Í niðurlagsákvæði 12. gr. er kveðið á um að kostnaður vegna alþjónustu greiðist úr ríkisjóði „samkvæmt heimild í fjárlögum“. Bent er á að telja verður nauðsynlegt að slíkar heimildir liggja fyrir þegar samið er við alþjónustuveitanda, þ.e. fyrirfram, áður en þjónustan er veitt, en slíkt verði ekki háð síðari ákvörðunum Alþingis.

Með vísan til framangreinds er eftirfarandi tillaga sett fram um fyrirkomulag 12. gr.:

12. gr. hljóði svo:

*Greiðslur til útnefnds fyrirtækis vegna alþjónustu.*

*Ef pósthjónusta er útnefndur, sbr. 11. gr., skal tryggja honum samhliða sannaðarnt endurgjald fyrir þá alþjónustubyrði sem felst í útnefningu hans, sbr. og 4. mgr.*

*Telji pósthjónusta að alþjónusta sem honum er skylt að veita hafi í för með sér hreinan kostnað, umfram endurgjald sem ákvarðað er skv. 1. mgr., getur hann sótt um til Póst- og fjarskiptastofnunar að honum verði með fjárframlögum tryggt sannaðarnt viðbótarendurgjald fyrir þá starfsemi sem um ræðir.*

*Með hreinum kostnaði er í 2. mgr. átt við kostnað pósthjónusta við að veita alþjónustu að frádregnum beinum tekjum af þjónustunni og markaðsávinningi, ef til er að dreifa, sbr. 5. mgr.*

Íslandspóstur ohf.

Umsögn um frumvarp til laga um pósthjónustu

*Um ósanngjarna byrði í skilningi 1. mgr. er að ræða þegar alþjónustukvæð á póstrekanda með almenna heimild um að veita tilteknum notendum eða notendahópum pósthjónustu eða veita hana á tilteknum svæðum leiðir til taps eða til aðstæðna sem ekki myndu skapast ef venjuleg viðskiptasjónarmið væru lögð til grundvallar.*

*Við mat á markaðsávinningi umsækjanda skal m.a. taka mið af framkvæmd innan Evrópska efnahagssvæðisins á sviði pósthjónustu.*

*Ráðherra getur látið gera nýja markaðskönnun ef talið er að forsendur hennar hafi breyst verulega frá því að gerður var samningur um alþjónustu eða fyrirtæki útnefnt með skyldu til að veita alþjónustu.*

*Kostnaður vegna alþjónustu greiðist úr ríkissjóði samkvæmt heimild í fjárlögum.*

#### d) Verðskrá alþjónustuveitanda

##### Um 17. gr.

Óhjákvæmilegt er að gera nokkrar athugasemdir við ákvæðið.

Í fyrsta lagi er lagt til að í stað þess að vísa til gjalda sé vísað til „verðs“, þ.e. að talað sé um „verð“ fyrir þjónustuna en ekki gjöld.<sup>1</sup>

Í öðru lagi er óljóst hvað átt er við með „smásölugjaldskrá“ í 2. mgr. Er þar væntanlega átt við að verð fyrir *stök bréf* allt að 50 g innan alþjónustu skuli vera sú sama um allt land. Ekki er þörf á því fyrir alþjónustuveitendur að vera með sérstaka „smásölugjaldskrá“ og óljóst hvað átt er við með því.

Í þriðja lagi felur ákvæðið í sér mikla forsjárhyggju að því er varðar afskipti Póst- og fjarskiptastofnunar af verðlagningu innan alþjónustu. Í reynd er það svo að eini áskilnaður tilskipunar Evrópusambandsins er að verð í alþjónustu sem slík séu „*almenningsviðráðanleg*“, en ekki er kveðið á um sérstakar fjárhæðir þar að lútandi. Telja verður, eftir að einkaréttur verður afnuminn, að verð á markaði muni mótast á eðlilegum viðskiptaforsendum, þar sem þjónustuveitendur munu bjóða verð til að freista þess að fá neytendur til að nýta þjónustu sína. Leiðir það jafnan til þess að verð verða „*viðráðanleg*“ fyrir notendur. Telja verður eðlilegt að Póst- og fjarskiptastofnun hafi almennt eftirlit með verðlagningu á markaði fyrir alþjónustur, eins og ráðgert er í tilskipun Evrópusambandsins, en að *ekki sé gripið inn í eða kvaðir lagðar* á alþjónustuveitanda nema að sterkar vísbendingar séu um að verð séu orðin *óviðráðanleg* fyrir almenning. Er rétt að 3. mgr. ákvæðisins endurspegli þetta, þ.e. að Póst- og fjarskiptastofnun sé einungis heimilt að óska eftir að gerð sé grein fyrir kostnaðargrundvelli að verðlagning á markaði teljist ekki vera viðráðanleg fyrir notendur.

Í fjórða lagi er gerð athugasemd við ákvæði 5. mgr. Þar er mælt fyrir um að alþjónustuveitanda sé „heimilt“ að setja sérstaka gjaldskrá fyrir fyrirtæki sem afhenda mikið magn bréfa í einu eða fyrirtæki sem safna saman bréfum mismunandi viðskiptavina og afhenda alþjónustuveitanda til dreifingar. Hér er í raun um að ræða atriði sem talið er að leiði af skyldu *markaðsráðandi* aðila til að haga verðlagningu sinni á jafnræðisgrundvelli, þ.e. að eðlilegt sé að þeir sem afhenda mikið magn pósts í einu, svo og þeir sem taka að sér að safna saman pósti og koma

---

<sup>1</sup> Verði fallist á þessa breytingu þyrfti að breyta öðrum ákvæðum frumvarpsins, þar sem fjallað er um nefnda gjaldskrá, í verðskrá.

Íslandspóstur ohf.

Umsögn um frumvarp til laga um pósthjónustu

með hann forunninn eða flokkaðan til alþjónustuveitanda, njóti þess sparnaðar sem afhending mikils magns eða söfnun skapar. Við innleiðingu ákvæðisins á árinu 2002 var sérstaklega tekið fram að slíkar verðskrár tækju mið af framangreindu, sbr. 5. mgr. 16. gr. núgildandi laga. Nú er búið að lauma þessari viðmiðun út. Er því lagt til að tekið verði upp í 5. mgr. 17. gr. frumvarpsins ákvæði hér að lútandi. Þá er og bent á að samkvæmt dómi ECJ í máli sem nefnt er „b-post-mál“ (C-340/13) var talið málefnalegt að veita sérstaka afslætti til þeirra sem „framleiða“ póst, þ.e. auka póstmagn í umferð, en slíkt getur verið mikilvægt á fallandi markaði.

Með vísan til framangreindra athugasemda er gerð eftirfarandi tillaga um orðalag 17. gr. frumvarpsins:

17. gr. hljóði svo:

*Verðskrá alþjónustuveitanda.*

*Verð fyrir alþjónustu skulu vera viðráðanleg fyrir notendur þannig að þeir geti notfært sér þjónustuna.*

*Verðskrá fyrir einstök bréf allt að 50 g innan alþjónustu skal vera sú sama um allt land.*

*Verðskrár fyrir alþjónustu, þar á meðal verðskrár vegna pakkasendinga til landsins, skulu a.m.k. taka mið af raunkostnaði við að veita þjónustuna að viðbættum hæfilegum hagnaði. Verðskrár skulu vera auðskiljanlegar og gæta skal jafnræðis og tryggja gagnsæi.*

*Leiði rannsókn Póst- og fjarskiptastofnunar, að höfðu samráði við alþjónustuveitendur og aðra hagsmunaaðila, til þess að ætla megi að verðskrár fyrir alþjónustu uppfylli ekki kröfur 1. mgr. um að vera viðráðanlegar fyrir notendur getur stofnunin krafist þess að alþjónustuveitandi geri grein fyrir kostnaðargrundvelli verðskrár fyrir þjónustu innan alþjónustu. Póst- og fjarskiptastofnun getur í því sambandi og krafist þess að alþjónustuveitandi geri kostnaðarlíkan til útreiknings á verði.*

*Póst- og fjarskiptastofnun getur við eigin útreikninga á kostnaði, sbr. 4. mgr., tekið mið af rekstri sambærilegrar þjónustu sem telst rekin á hagkvæman hátt, tekið mið af verðskrá á sambærilegum samkeppnismörkuðum og notað kostnaðargreiningaraðferðir sem eru óháðar aðferðum póstrekkanda.*

*Alþjónustuveitanda er heimilt að setja sérstaka verðskrá fyrir fyrirtæki sem afhenda mikið magn bréfa í einu eða fyrirtæki sem safna saman bréfum mismunandi viðskiptavina og afhenda alþjónustuveitanda til dreifingar. Slík sérverðskrá skal taka mið af beinum sparnaði sem afhending mikils magns póstsendinga í einu, svo og söfnun, forflökkun og önnur meðferð póstsendinga sem afhentar eru í miklu magni í einu, skapar hjá alþjónustuveitanda. Verðskráin getur tekið til dreifingar um land allt sem og svæðisbundinnar dreifingar. Alþjónustuveitanda er heimilt að miða við ákveðið dreifingarhlutfall bréfa eftir landsvæðum við útreikninga á sérstakri verðskrá.*

*Þá er alþjónustuveitanda og heimilt að bjóða sendendum sérstaka afslætti sem ætlað er að stuðla að aukinni notkun á pósthjónustu.*

*Telji Póst- og fjarskiptastofnun verðskrá alþjónustu ekki uppfylla skilyrði þessarar greinar gerir stofnunin kröfu um úrbætur.*



*Nánar skal kveðið á um bókhald og verðskrár í reglugerð, m.a. um einstaka vörflokka á einstaklingsmarkaði sem falla undir kvöð um samræmda verðskrá, um aðferðir við eignamat, afskriftir, ávöxtunarkröfu og gerð kostnaðarlíkana.*

*Nú verður alþjónustuveitandi ekki við fyrirmælum Póst- og fjarskiptastofnunar samkvæmt grein þessari og getur þá stofnunin ákveðið póstrekanda dagsektir skv. 12. gr. laga um Póst- og fjarskiptastofnun, nr. 69/2003, með síðari breytingum, þar til bætt er úr.*

#### Um 18. gr.

Með vísan til þeirra eftirlitsheimilda sem lagt er til að komi fram í 17. gr. er lagt til að 18. gr. verði felld úr frumvarpinu. Þau úrræði sem Póst- og fjarskiptastofnun hefur skv. tillögu að 17. gr. tekur eðli máls samkvæmt hvort tveggja til *upphaflegrar* verðskrár á sviði alþjónustu og einnig *breytinga*.

Ljóst er að það *verðlagseftirlit* sem kveðið er á um í 18. gr. frumvarpsins er í engu samræmi við það meginmarkmið þess að auka samkeppni og opna póstmarkaðinn. Áskilnaður 18. gr. um að breytingar á gjaldskrá séu tilkynntar með ákveðnum fyrirvara gerir það að verkum að samkeppni milli alþjónustuveitenda og þeirra sem starfa á grundvelli almennrar heimildar verður afar sérstök og gengur raunar ekki upp. Meðan markaðurinn er virkur og verð eru í samræmi við viðmiðanir 17. gr., þ.e. *viðráðanleg notendum*, eru þessi afskipti Póst- og fjarskiptastofnunar *með öllu óþörf* og þekkjast vart á öðrum þjónustumörkuðum. Hér ber og að hafa í huga að málsmeðferð hjá Póst- og fjarskiptastofnun *getur tekið langan tíma* og hindrað eðlilega samkeppni á markaði á meðan, auk þess sem t.d. kærur til Úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála geta tekið allt að eitt ár (sjá t.d. mál 12/2017, málsmeðferðartími hjá úrskurðarnefnd 11 mánuðir). Má allt eins ráðgera að málsmeðferðartími í einstökum málum innan stjórnsýslu póstpjónustu geti verið nálega 1,5-2 ár.

*18. gr. falli brott.*

### III. Aðrar athugasemdir við einstök ákvæði frumvarpsins

#### Um 2. gr.

##### Almennt

Í ákvæðinu er mælt fyrir um að lögin taki til pósthjónustu í atvinnuskyni. Óljóst er hvort ákvæðið taki til pósthjónustu sem veitt væri t.d. af góðgerðar- eða íþróttafélögum í ágóðaskyni, þ.e. óljóst er hvort þar sé um að ræða pósthjónusta í atvinnuskyni í skilningi ákvæðisins. Þetta þarf að afmarka nánar.

#### Um 4. gr.

##### 4. tl.

Í frv. er fjallað ítarlega um ábyrgðarsendingar. Er þar lýst að einhverju leyti hvað getur falist í slíkri sendingu, svo og að til geti komið afbrigði. Ekki verður séð að nauðsynlegt sé að kveða svo ítarlega á um hvað í „ábyrgðarsendingu“ felst, heldur gæti verið heppilegra að vísa einfaldlega til þess að um sé að ræða „sendingu sem póstrekkandi ábyrgist með fyrir fram ákveðnum skilmálum“. Sjá tillögu í kafla IV. kafla hér á eftir.

##### 7. tl.

Í töluliðnum er fjallað um bréfastassamstæður. Í 4. mgr. 31. gr. nógildandi laga er mælt fyrir um að bréfarifur og bréfastassar skuli vera í samræmi við „ákvæði byggingarreglugerðar“ en áður var gert ráð fyrir að staðsetning þeirra væri í samræmi við ákvæði reglugerðar um pósthjónustu. Reynsla af gildandi fyrirkomulagi hefur ekki verið góð að mati Íslandspósts ohf. og leiðir til umtalsverðrar óþarfa alþjónustubyrði fyrir íslenska ríkið. Víða erlendis hefur verið farið inn á þá braut að gera aðgengi að póstkössum /póstfastassamstæðum auðveldara fyrir póstrekkendur, til að draga úr kostnaði. Ljóst er að hagsmunir sveitarfélaga við skipulagningu á móttöku á póstsendingum eru ekki endilega þeir sömu og hagsmunir ríkisins sem ábyrgð ber á alþjónustuveitingu. Þá er og óheppilegt að staðsetning slíkra samstæðna geti verið mismunandi eftir sveitarfélögum. Er því lagt til að fellt verði út úr ákvæðinu að póstkassar séu á svæði sem tilgreint hefur verið af viðkomandi sveitarstjórn sem móttökustaður póstsendinga. Í staðinn verði aftur tekið upp það fyrirkomulag að kveðið sé á um staðsetningu póstkassa/póstfastassamstæðna í reglugerð um pósthjónustu.

##### 19. tl.

Í þessum lið er póstrekkandi skilgreindur sem aðili sem veitir pósthjónustu í skilningi laganna. Vísað er til fyrri umfjöllunar um að þjónusta sú sem fjallað er um í lögum um pósthjónustu skarast að talsverðu leyti, þ.e. að því er varðar sumar bréfastendingar og pakkaflutninga, við þjónustu sem talin er geta fallið undir lög um landflutninga.

##### 20. tl.

Póstsendingar skv. ákvæðinu teljast bréf upp að 2 kg, og ýmsar sendingar og pakkar upp að 20 kg, til póstsendinga. Vísast hér til framangreindrar umfjöllunar. Eru mörkin við aðrar þjónustutegundir, sem hingað til hafa ekki verið felldar undir pósthjónustu, afar óljós, þ.e.

Íslandspóstur ohf.  
Umsögn um frumvarp til laga um pósthjónustu

varðandi flutningsaðila svo sem fraktflytjendur, hraðflutningsfyrirtæki o.s.frv. Vísað er til umfjöllunar hér að framan.

#### Um 7. gr.

Í 7. gr. er fjallað um almennar heimildir til reksturs pósthjónustu. Vísað er til framangreindrar umfjöllunar varðandi skörun við aðra markaði, m.a. landflutningamarkað og hraðsendingahjónustu. Að óbreyttu má gera ráð fyrir, m.t.t. kvaða sem mælt er fyrir um varðandi pósthjónusturekendur, svo sem varðandi birtingu gjaldskráa og skilmála, greiðslu rekstrargjalds til ríkissjóðs o.s.frv., að aðilar skilgreini sig eingöngu sem landflutningaaðila en ekki sem veitendur pósthjónustu. Eðlilegra væri því að hjónustumörk væru skilgreind nánar.

#### Um 9. og 10. gr.

Í 9., sbr. 10. gr. er fjallað um *inntak* alhjónustu. Í 2. mgr. 9. gr. er talið upp hvað teljist lágmarkshjónusta innan alhjónustu. Er þar m.a. tiltekið að miðað sé við ákveðin þyngdarmörk og fjölda dreifingardaga. Lágmarkskröfur að því er varðar alhjónustu eru skilgreindar í tilskipun Evrópusambandsins og geta tekið breytingum með t.d. breyttri framkvæmd að því er hana varðar. Hefur Íslandspóstur ohf. því bent á að réttara sé að skilgreining alhjónustu komi fram í *reglugerð* frekar en í lögnum sjálfum, en ljóst er að tímafrekt getur verið að breyta lögbundnum viðmiðunum. Íslenska ríkið getur þá breytt nefndum skilgreiningum í *reglugerð* á hverjum tíma, í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar annars vegar og pólitísk viðhorf hins vegar, m.a. að teknu tilliti til kostnaðar sem af alhjónustuveitingu leiðir. Er því lagt til að 9. og 10. gr. verði breytt svo:

2. mgr. 9. gr. hljóði svo:

*„Nánar skal kveðið á um inntak alhjónustu í reglugerð“.*

Núverandi 2. og 3. mgr. falli niður.

10. gr. fellur niður.

Að öðrum kosti er lagt til að fyrirkomulag á dreifingu í alhjónustu verði skilgreint svo:

*„Miða skal dreifingu innan alhjónustu við að pósti sé komið til skila til viðtakanda eigi síðar en á fjórða degi eftir póstlagningu (D+4) til einstaklinga sem hafa fasta búsetu, sbr. lög um lögheimili og aðsetur. Á sama hátt skal bera út póstsendingar til lögaðila sem hafa fasta atvinnustarfsemi í viðkomandi húsnæði.“*

#### Um 13. gr.

Í ákvæðinu er kveðið á um heimild Póst- og fjarskiptastofnunar til að mæla fyrir um aðgang að dreifikerfi og nauðsynlegri aðstöðu. Eðlilegt er að aðilar á markaði semji um gjald fyrir slíkan aðgang, en að ekki komi til íhlutunar Póst- og fjarskiptastofnunar nema *að samkomulag náist ekki* þar að lútandi.

Er því mælt með að við 2. mgr. bætist, *„enda hafi viðkomandi aðilar ekki náð samkomulagi um gjald fyrir aðgang eða skilyrði þar að lútandi“.*

Íslandspóstur ohf.  
Umsögn um frumvarp til laga um pósthjónustu

Við 7. tl. 3. mgr. bætist „*kostnaður hans og hæfileg álagning*“.

#### Um 14. gr.

Þar sem kvöð á alþjónustuveitanda um að gefa út frímerki kann að fela í sér kostnað sem telst til alþjónustubyrði þykir rétt að áréttað sé í 1. mgr. 14. gr. að sú kvöð falli þá undir III. kafla laganna um alþjónustu, þ.e. að við 2. ml. 1. mgr. bætist orðin, „*og fer um þá kvöð samkvæmt III. kafla laganna*“.

#### Um 27. gr.

Í ákvæðinu er m.a. gert ráð fyrir að staðsetning bréfastassa eða bréfastalúga fari að „*jafnaði eftir ákvæðum byggingarreglugerðar*“. Er ákvæðið þó orðið óljóst um mörkin milli byggingarreglugerðar annars vegar og reglugerðar um alþjónustu hins vegar, og þarf að bæta þar úr.

Svo sem að framan er rakið hefur ekki gefið góða raun að mæla fyrir um staðsetningu bréfastassa í byggingarreglugerð. Ljóst er að til að draga úr kostnaði við póstsendingar, sérstaklega m.t.t. ábyrgðar ríkisins að því leyti til, er mikilvægt að aðgengi að póstkösum, þ.m.t. að póstkassasamstæðum, taki mið af því að dregið sé úr óþarfa kostnaði við dreifingu, en ekki verður séð að slíkir hagsmunir séu sérstaklega undir í byggingarreglugerð. Er því lagt til að fyrirkomulag og staðsetning póstkassa o.fl. fari *ættíð* samkvæmt reglugerð sem sett er á grundvelli laga um pósthjónustu, en ekki samkvæmt byggingareglugerð. Er lagt til að ákvæðinu verði breytt til samræmis, sbr. og fyrri umfjöllun hér að lútandi.

#### Um 38. gr.

Í VIII. kafla frumvarpsins er fjallað um pósthjónustu við önnur lönd. Í 1. mgr. 38. gr. segir að ákvæði laganna gildi og um pósthjónustu við önnur lönd. Síðan segir: „*Ef ósamræmi er milli laga þessara og milliríkjasamninga ganga milliríkjasamningar framur hvað varðar pósthjónustu við önnur lönd*“. Ekki verður séð að nefnt ákvæði standist *tvíeðlisviðmið* sem talin eru gilda í íslenskum rétti, þ.e. að íslensk lög gangi framur alþjóðasamningum, sem ekki hafa verið sérstaklega leiddir í íslensk lög. Þetta þarfnast því nánari skoðunar.

Skv. 2. mgr. ákvæðisins getur ráðherra falið Póst- og fjarskiptastofnun að „*útnefna póstrekkanda samkvæmt lögum þessum til að fara með réttindi og skyldur samkvæmt alþjóðapóstsamningum*“. Með vísan til athugasemda við 12. gr. frumvarpsins er lagt til að skýrt verði kveðið á um það í 38. gr. að um slíka útnefningu fari eins og um útnefningu alþjónustuveitanda að því er fjárhagslega byrði varðar, og að við 2. mgr. 38. gr. bætist:

*Ef póstrekkandi er útnefndur, sbr. 1. mgr., skal tryggja honum samhliða sanngjarnt endurgjald fyrir þá alþjónustubyrði sem felst í útnefningu hans, sbr. III. kafli.*

#### Um 41. gr.

Með vísan til athugasemda við 27. gr. frumvarpsins er lagt til að sú breyting verði gerð á 6. tl. 1. mgr. 41. gr. að annað hvort verði orðin „*í dreifbýli*“ felld brott eða bætt við orðunum „*og í þéttbýli*“.

Um 43. gr.

Í f. lið 43. gr. er gert ráð fyrir að innheimt sé gjald af póstrekingum, sem hækkar úr 0,34% í 0,4%. Ákvæðið gerir ráð fyrir að gjaldið miðist við árlega veltu viðkomandi aðila (póststarfsemi hér á landi). Nú er það svo að samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir því að markaðir á sviði póstpjónustu verði opnaðir og dregið verði úr opinberu eftirliti. Verður að skoða umrædda breytingatillögu í því ljósi að telja verður. Hér ber einnig að vekja athygli á því, sbr. hér að framan, að afar óljós mörk eru milli landflutninga annars vegar og póstpjónustu hins vegar, og skarast starfsemi að verulegu leyti. Ber þá að hafa í huga að sambærileg þjónusta virðist skattlögð án þess að viðeigandi *lagasjónarmiða* sé gætt, en slíkt fer gegn grunnreglum íslensks réttar um *jafnræði* samkvæmt 65. gr. stjórnarskrárinnar og *vernd eignarréttar*, sbr. 72. gr.

#### IV. Samandregnar tillögur um breytingar á einstökum greinum frumvarpsins

##### Um 2. gr.

Við bætist 3. mgr., sem hljóði svo:

*„Lög þessi taka og til vöruflutninga samkvæmt lögum nr. 40/2010 um landflutninga þegar um er að ræða flutning á vörum sem skilgreindar eru sem póstsendingar samkvæmt lögum þessum“.*

Þá er bent á að rétt sé að taka afstöðu til þess í frumvarpinu hvort t.d. póstpjónusta á vegum íþrótt- og góðgerðarfélaganna, gegn gjaldi (þóknun) teljist í atvinnuskyni í skilningi frumvarpsins eða ekki.

##### Um 4. gr.

###### 4. tl.

Tölulíðurinn hljóði svo: „Ábyrgðarsending: Póstsending sem póstrekandi ábyrgist með fyrir fram ákveðnum skilmálum“.

###### 7.tl.

2. mli. 7 tl. orðist svo: „Um staðsetningu bréfaþakassa skal fara samkvæmt reglugerð sem ráðherra setur“.<sup>2</sup>

##### Um 9. gr.

2. mgr. 9. gr. hljóði svo:

*„Nánar skal kveðið á um inntak alþjónustu í reglugerð“.*

Núverandi 2. og 3. mgr. falli niður.

##### Um 10. gr.

10. gr. fellur niður.

##### Um 11. gr.

11. gr. hljóði svo:

###### 11. gr.

*„Ráðherra getur látið framkvæma markaðskönnun þar sem metið er hvort nauðsynlegt sé að tryggja alþjónustu með úrræðum sem kveðið er á um í 2.-4. mgr.*

*Ráðherra ákveður hvort hann gerir samning við fyrirtæki með almenna heimild, eitt eða fleiri, til að sinna þeim skyldum sem kveðið er á um í 9. gr. Við samningsgerð getur ráðherra notið liðsinnis Póst- og fjarskiptastofnunar og m.a. leitað álits stofnunarinnar á kostnaði ríkisins við slíka samninga með tilliti til fjárhagslegrar byrði fyrir alþjónustuveitanda. Við val á*

---

<sup>2</sup> Ath. og reglugerðarheimild 41. gr.

Íslandspóstur ohf.  
Umsögn um frumvarp til laga um pósthjónustu

*Þjónustuveitanda eða þjónustuveitendum skal viðhafa opið, gagnsætt og hlutlægt ferli þar sem gætt er jafnræðis. Samninga við alþjónustuveitanda eða -veitendur má afmarka við tiltekna landshluta, pósthúmer og/eða tiltekna þætti pósthjónustu.*

*Jafnframt getur ráðherra ákveðið að bjóða alþjónustuveitingu út samkvæmt lögum um opinber innkaup.*

*Ef ekki er unnt að tryggja alþjónustu með samningsgerð skv. 2. mgr., eða útboði skv. 3. mgr., getur ráðherra ákveðið að útnefna fyrirtæki til að sinna þjónustunni“.*

#### Um 12. gr.

12. gr. hljóði svo:

#### 12. gr.

*Greiðslur til útnefnds fyrirtækis vegna alþjónustu.*

*Ef póstrekandi er útnefndur, sbr. 11. gr., skal tryggja honum samhliða sanngjarnt endurgjald fyrir þá alþjónustubyrði sem felst í útnefningu hans, sbr. og 4. mgr.*

*Telji póstrekandi að alþjónusta sem honum er skylt að veita hafi í för með sér hreinan kostnað, umfram endurgjald sem ákvarðað er skv. 1. mgr., getur hann sótt um til Póst- og fjarskiptastofnunar að honum verði með fjárframlögum tryggt sanngjarnt viðbótarendurgjald fyrir þá starfsemi sem um ræðir.*

*Með hreinum kostnaði er í 2. mgr. átt við kostnað póstrekanda við að veita alþjónustu að frádregnum beinum tekjum af þjónustunni og markaðsávinningi, ef til er að dreifa, sbr. 5. mgr.*

*Um ósanngjarna byrði í skilningi 1. mgr. er að ræða þegar alþjónustukvöð á póstrekanda með almenna heimild um að veita tilteknum notendum eða notendahópum pósthjónustu eða veita hana á tilteknum svæðum leiðir til taps eða til aðstæðna sem ekki myndu skapast ef venjuleg viðskiptasjónarmið væru lögð til grundvallar.*

*Við mat á markaðsávinningi umsækjanda skal m.a. taka mið af framkvæmd innan evrópska efnahagssvæðisins á sviði pósthjónustu.*

*Ráðherra getur látið gera nýja markaðskönnun ef talið er að forsendur hennar hafi breyst verulega frá því að gerður var samningur um alþjónustu eða fyrirtæki útnefnt með skyldu til að veita alþjónustu.*

*Kostnaður vegna alþjónustu greiðist úr ríkissjóði samkvæmt heimild í fjárlögum.*

#### Um 13. gr.

*Við 2. mgr. Bættist: „enda hafi viðkomandi aðilar ekki náð samkomulagi um gjald fyrir aðgang eða skilyrði þar að lútandi“.*

*Við 7. tl. 3. mgr. Bættist: „kostnaður hans og hæfileg álagning“.*

#### Um 14. gr.

*Við 2. ml. 1. mgr. bættist orðin: „og fer um þá kvöð samkvæmt III. kafla laganna“.*

#### Um 17. gr.

17. gr. hljóði svo:

*Verðskrá alþjónustuveitanda.*

*Verð fyrir alþjónustu skulu vera viðráðanleg fyrir notendur þannig að þeir geti notfært sér þjónustuna.*

*Verðskrá fyrir einstök bréf allt að 50 g innan alþjónustu skal vera sú sama um allt land.*

*Verðskrár fyrir alþjónustu, þar á meðal verðskrár vegna pakkasendinga til landsins, skulu a.m.k. taka mið af raunkostnaði við að veita þjónustuna að viðbættum hæfilegum hagnaði. Verðskrár skulu vera auðskiljanlegar og gæta skal jafnræðis og tryggja gagnsæi.*

*Leiði rannsókn Póst- og fjarskiptastofnunar, að höfðu samráði við alþjónustuveitendur og aðra hagsmunaaðila, til þess að ætla megi að verðskrár fyrir alþjónustu uppfylli ekki kröfur 1. mgr. um að vera viðráðanlegar fyrir notendur getur stofnunin krafist þess að alþjónustuveitandi geri grein fyrir kostnaðargrundvelli verðskrár fyrir þjónustu innan alþjónustu. Póst- og fjarskiptastofnun getur í því sambandi og krafist þess að alþjónustuveitandi geri kostnaðarlíkan til útreiknings á verði.*

*Póst- og fjarskiptastofnun getur við eigin útreikninga á kostnaði, sbr. 4. mgr., tekið mið af rekstri sambærilegrar þjónustu sem telst rekin á hagkvæman hátt, tekið mið af verðskrár á sambærilegum samkeppnismörkuðum og notað kostnaðargreiningaraðferðir sem eru óháðar aðferðum póstrekkanda.*

*Alþjónustuveitanda er heimilt að setja sérstaka verðskrá fyrir fyrirtæki sem afhenda mikið magn bréfa í einu eða fyrirtæki sem safna saman bréfum mismunandi viðskiptavina og afhenda alþjónustuveitanda til dreifingar. Slík sérverðskrá skal taka mið af beinum sparnaði sem afhending mikils magns póstsendinga í einu, svo og söfnun, forflökkun og önnur meðferð póstsendinga sem afhentar eru í miklu magni í einu, skapar hjá alþjónustuveitanda. Verðskráin getur tekið til dreifingar um land allt sem og svæðisbundinnar dreifingar. Alþjónustuveitanda er heimilt að miða við ákveðið dreifingarhlutfall bréfa eftir landsvæðum við útreikninga á sérstakri verðskrá.*

*Þá er alþjónustuveitanda og heimilt að bjóða sendendum sérstaka afslætti sem ætlað er að stuðla að aukinni notkun á póstpjónustu.*

*Telji Póst- og fjarskiptastofnun verðskrá alþjónustu ekki uppfylla skilyrði þessarar greinar gerir stofnunin kröfu um úrbætur.*

*Nánar skal kveðið á um bókhald og verðskrár í reglugerð, m.a. um einstaka vöruflokka á einstaklingsmarkaði sem falla undir kvöð um samræmda verðskrá, um aðferðir við eignamat, afskriftir, ávöxtunarkröfu og gerð kostnaðarlíkana.*

*Nú verður alþjónustuveitandi ekki við fyrirmælum Póst- og fjarskiptastofnunar samkvæmt grein þessari og getur þá stofnunin ákveðið póstrekkanda dagsektir skv. 12. gr. laga um Póst- og fjarskiptastofnun, nr. 69/2003, með síðari breytingum, þar til bætt er úr.*

Um 18. gr.

Greinin falli brott.

Um 27. gr.

Sjá aths. við 7. tl. 4. gr. frumvarpsins.

Um 38. gr.

2. ml. 1. mgr. falli brott.



Íslandspóstur ohf.  
Umsögn um frumvarp til laga um pósthjónustu

Við 2. mgr. bætist:


*„Ef póstrekandi er útnefndur, sbr. 1. mgr., skal tryggja honum samhliða sanngjarnt endurgjald fyrir þá alþjónustubrði sem felst í útnefningu hans, sbr. III. kafli“.*

Um 41. gr.

6. tl.

Orðin „í dreifbýli“ falli brott (eða bætt verði við orðunum „og í þéttbýli“).

Fh. Íslandspóstis ohf.



Ingimundur Sigurpálsson,  
forstjóri